

Mál nr. 64/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. réttaraðstoðartryggingar

Ágreiningur um greiðslur úr réttaraðstoðartryggingu vegna málaferla þ.26.3.2009

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 17.2.2011 ásamt fylgiskjöllum 1-20
2. Bréf V dags. 3.3.2011.

Málsatvik.

M höfðaði mál á hendur fyrrum sambýlismanns sínum, en ágreiningur í málinu segir lögmaður M hafa snúist um að fá staðfestingu með dómi á því að tilteknir samningar hefðu komist á milli M og fyrrum sambýlismanns hennar. Í dómi Héraðsdóms Suðurlands er staðfest að komist hafi á bindandi samningar milli M og sambýlismannsins fyrrverandi og hann dæmdur til að greiða M málskostnað svo sem ákveðið er í dómnum. M krefst bóta úr réttaraðstoðartryggingu sinni vegna ofangreindra málaferla og heldur því fram að ekki hafi verið um raunverulegt sambúðarslitamál að ræða milli aðila heldur mál sem snérist um lögskipti aðila svo sem að framan er rakið og þess að stefndi hafi eytt gögnum og því nauðsynlegt að fá staðfestingu á viðurkenningu með dómi á þeim lögskiptum sem M hélt fram að hefðu komist á milli þeirra og staðfest var með dómi að um hafi verið að ræða. V hafnar bótaskyldu og telur að mál þetta megi rekja til sambúðarslita M og fyrrum sambýlismanns hennar, en samkvæmt skilmálum tryggingarinnar grein 3.1 í 8 kafla skilmála heimilisverndar segi að tryggingin bæti ekki mál vegna sambúðarslita o.s.frv. V telur að umrætt mál eigi uppruna sinn í skiptum á jörð sem M og sambýlismaður hennar þáverandi keyptu sameiginlega og hafi dómsmálið snúist um þann gjörning og málið komið upp í sambandi við sambúðarslit og sé ekki bótaskyld.

Álit.

Uppruni réttarágreinings milli M og fyrrum sambýlismanns hennar er vegna sambúðarslita og skipta á jörð sem þau keyptu sameiginlega í upphafi sambúðartíma síns. Með vísan til greinar 3.1. í vátryggingarskilmálum bætir réttaraðstoðartrygging M ekki mál vegna sambúðarslita, en óhjákvæmilegt er að líta svo á að tildrög máls þess sem hér ræðir um sé vegna sambúðarslita. M á því ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 21.3. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.